

## **Greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og þriggja ára áætlun 2021-2023**

Fjárhagsáætlun Bláskógabyggðar fyrir árið 2020 var lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn fimmtudaginn 12. desember 2019 og samþykkt á þeim fundi.

Grunnur fjárhagsáætlunar 2020-2023 byggir á áætlun 2019 með viðaukum og útkomuspá.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

### **I Fjárhagsáætlun 2020**

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020, eins og hún er lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn, er áætlað að rekstrarafgangur verði 93,6 millj.kr. eftir fjármagnsgjöld, afskriftir og skatta.

Líkt og var í lok síðasta árs er enn nokkur óvissa um þróun launaliðar á næsta rekstrarári, en ekki hefur tekist að ljúka gerð kjarasamninga við marga hópa starfsmanna sveitarfélaga. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir fjármagni til að mæta kjarasamningshækkunum, a.m.k. að hluta.

Í fjárhagsáætluninni er fylgt áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um þróun greiðslna úr Jöfnunarsjóði og horft til áætlunar Sambands íslenskra sveitarfélaga um þróun útsvarstekna. Hvað útsvarið varðar er gert ráð fyrir 3,5% hækkun frá áætlun ársins 2019.

Rekstrarútgjöld hækka milli ára vegna áhrifa af kjarasamningsbundnum launahækkunum, fjölgunar stöðugilda og vegna hækkana á ýmsum liðum sem snúa að vöru- og þjónustukaupum. Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsgjöld og skatta er áætlaður 141,8 millj.kr. og veltufé verði 139,7 millj.kr. eða 11,7% af heildartekjum.

Rekstur einstakra málaflokka verður með sambærilegu sniði á árinu 2020 og verið hefur á árinu 2019. Í byrjun nýs árs verða áætlanir um rekstur grunnskólanna á Laugarvatni og í Reykholti teknar til endurskoðunar í ljósi þeirrar ákvörðunar sveitarstjórnar að breyta fyrirkomulagi kennslu á unglíngastigi frá og með næsta skólaári. Skólanefnd og skólastjórnendur munu greina áhrif breytinganna á rekstur hvors skóla um sig. Nýtt húsnæði leikskólans Álfaborgar var tekið í notkun í október sl og fylgir því nokkur kostnaður, umfram þann kostnað sem áður var við rekstur leikskólans, svo sem vegna innri leigu til eignasjóðs og annars rekstrarkostnaðar húsnæðisins. Þá er starfemi skólans rekin í þremur deildum, í stað tveggja áður og börnum hefur fjölgað nokkuð. Á móti kemur að greiðslur til nágrennasveitarfélaga vegna leikskólavistar barna með lögheimili í Bláskógabyggð falla niður.

Á árinu 2019 var ákveðið að auka mönnun í íþróttamannvirkjum í Reykholti, til að uppfylla kröfur eftirlitsaðila, auk þess sem aukið var við opnunartíma. Nokkur aukning er því á rekstrarkostnaði á milli ára. Stöðugildum fjölgar nokkuð í byggðasamlögum og samstarfsverkefnum sem Bláskógabyggð er aðili að, og er tekið tillit til þess í áætluninni.

Mikil áhersla er á uppbyggingu og viðhald grunninnviða og áætlað að verja talsverðu fjármagni til hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu. Áfram verður unnið að uppsetningu fjarálestrarmæla og innmælingu lagna á vegum Bláskógaveitu.

Á árinu 2020 verður lokið við endurskoðun deiliskipulags Laugarvatns og gert ráð fyrir að áfram verði unnið við að deiliskipuleggja lóðir fyrir afréttarhús í eigu sveitarfélagsins, þannig að unnt verði að ljúka samningagerð við ríkið um þær eignir sem liggja innan þjóðlendna.

Fjárfestingar eru áætlaðar fyrir um 292,5 millj.kr. nettó á næsta ári. Er það nokkuð lægri fjárhæð en á síðasta ári, enda var þar ráðist í stærstu einstöku framkvæmd sem sveitarfélagið hefur ráðist í um árabíl, sem var bygging leikskólans Álfaborgar. Á árinu 2020 verður stórum hluta framkvæmdafjár varið til lagningar ljósleiðara, eða um 140 millj.kr., en framkvæmdir við það verkefni eru um það bil að hefjast. Þá er gert ráð fyrir að áfram verði umtalsverðum fjármunum varið til viðhalds fasteigna sveitarfélagsins, á það m.a. við um grunnskóla og íþróttamannvirki. Áhersla verður lögð á að byggja upp leikskvæði við grunnskólana á Laugarvatni og í Reykholti og leikvöll í Laugarási.

Gert er ráð fyrir framlagi Bláskógabyggðar til að ljúka framkvæmdum við byggingu húsnæðis yfir þau tæki sem sveitarfélögin eiga til verkunar seyru á Flúðum. Haldið verður áfram lokafrágangi gatna og göngustíga í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins og er áætlað að verja 20 millj.kr. til gatnagerðar og 10 millj.kr. til frágangs göngustíga, auk þess sem áætlað er að byrja framkvæmdir við gatnagerð við Brekkuholt í Reykholti, en hönnunarvinnu við það verkefni lýkur í byrjun ársins. Innan eignasjóðs er áætlað að festa kaup á bifreið fyrir áhaldahús og vinna áfram að viðhaldi Hverabrautar 6-8 sem hýsir ungmennabúðir UMFÍ. Gert er ráð fyrir fjármagni til hönnunarvinnu vegna endurbóta á sundlauginni í Reykholti og útisvæði við hana, svo og til að meta möguleika á að byggja ofan á hluta íþróttahússins á Laugarvatni.

Á sviði fráveitumála er áætlað að veita 4 millj.kr. til hönnunar hreinsistöðvar og lagningar fráveitu í nýja götu í Reykholti. Lengi hefur verið þrýst á að ríkið komi að framkvæmdum sveitarfélaga í fráveitumálum, t.d. með því að endurgreiða virðisaukaskatt af slíkum framkvæmdum og virðist loks sem skriður sé að komast á þau mál, sem getur gert það að

verkum að unnt verði að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir í fráveitu á næstu árum. Innan Bláskógaveitu eru áætlaðar fjárfestingar fyrir 27 millj.kr. Vatnsveita Bláskógabyggðar er með áætlaða fjárfestingu fyrir 18 millj.kr.

Gert er ráð fyrir lántökum vegna lagningar ljósleiðara og annarra framkvæmda. Áætlað er að greidd verði niður lán að fjárhæð 89,8 millj.kr. en tekin ný lán að fjárhæð 240 millj.kr. Þá er gert ráð fyrir að nýfjárfesting verði fyrir 292 millj.kr. Áætlað er að skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum verði áfram langt undir lögboðnu hámarki, sem er 150%, en skv. áætluninni mun það vera um 51,4% í lok ársins 2020. Hækkar það nokkuð á milli ára þar sem sveitarfélagið hefur þurft að ráðast í lántökur vegna brýnna framkvæmda.

Gjaldskrár vegna þjónustugjalda hækka almennt um 2,5%. Gjaldskrá vegna sorphirðu hækkar þó meira, enda hefur orðið breyting á fyrirkomulagi sorphirðu og möguleikum til afsetningar sorps og eykst kostnaður við þann málaflokk talsvert á milli ára. Sorphirðugjöldum og gjöldum skv. gjaldskrá fyrir gámasvæði er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu og rekstur gámasvæðis. Talsverð aukning hefur verið á sorpmagni og hækka því urðunargjöld, þrátt fyrir aukna flokkun. Íbúar eru hvattir til að minnka sorpmagn sem kostur er, og flokka úrgang eins og sorphirðukerfi sveitarfélagsins gerir ráð fyrir. Tekin verður upp gjaldheimta á gámasvæðum sveitarfélagsins og munu allir greiðendur sorpeyðingargjalds, sem er hluti fasteignagjalda, fá sent svokallað klippikort sem veitir þeim ákveðna inneign á gámasvæðum.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði er óbreytt á milli ára, 0,5%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts atvinnuhúsnæðis hækkar úr 1,42% af fasteignamati í 1,50%. Álagningarhlutfall fráveitugjalds er óbreytt, 0,25% og vatnsgjalds 0,3%, en hámarksgjald vatnsgjalds verður 55.811 á sumarhús og íbúðarhús og lágmarksgjald verður 16.743. Gjald fyrir hreinsun rotpróa hækkar um 2,5%.

Brýnt er að sýna stöðugt aðhald í rekstri til að kostnaður við rekstur málaflokka sé í sem bestu samræmi við þær tekjur sem sveitarfélagið hefur.

## **II Nokkrar lykiltölur**

### **Rekstur :**

Fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir til fyrri umræðu gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar án afskrifta og fjármagnsliða sé jákvæð um 141,8 millj.kr. Afskriftir eru áætlaðar 78,4 millj.kr., fjármagnskostnaður nettó er áætlaður 54 millj.kr. Tekjuskattur vegna

Bláskógaveitu reiknast 4,3 millj.kr. Heildarniðurstaða samstæðunnar er því jákvæð um 93,6 millj.kr.

Áætlunin gerir ráð fyrir að samanlagðar tekjur A og B hluta verði 1.699,5 millj.kr. á árinu 2020. Hluttur skatttekna (útsvar, fasteignagjöld og Jöfnunarsjóður) í samanlögðum tekjum í A hluta er 1.266,5 millj.kr. eða 74,5%.

Samkvæmt áætluninni þá verða skatttekjur (útsvar, Jöfnunarsjóður og fasteignaskattur) á íbúa 1.067 þús.kr. og heildareignir á íbúa verða 2.205 þús.kr.

Heildarlaunakostnaður er áætlaður 661,2 millj.kr. sem er 38,9% af heildartekjum og 52,2% af skatttekjum. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 817,9 millj.kr.

### **Fjárfestingar :**

Nettófjárfestingar ársins eru áætlaðar 292 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 89,8 millj.kr. og nýjar lántökur eru áætlaðar 240 millj.kr. Í töflunni hér að neðan má sjá skiptingu helstu framkvæmda (nettó) á málaflokka:

Eignasjóður	103 millj.kr.
Fráveita	4 millj.kr.
Bláskógaveita	27 millj.kr.
Vatnsveita	18 millj.kr.
Fjarskiptafélag (ljósleiðari)	140 millj.kr.
<b>Samtals fjárfesting nettó</b>	<b>292 millj.kr.</b>

Á móti framkvæmdum í umferðar- og samgöngumálum koma gatnagerðargjöld og tengigjöld veitna sem dragast frá í fjárfestingaráætlun.

### **III 3ja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2021 - 2023**

Þriggja ára áætlun er ekki staðfest fjárhagsáætlun fyrir árin 2021-2023 heldur yfirlit yfir það sem er á dagskrá þessi ár. Við fjárhagsáætlanagerð hvers árs fer fram nánari útfærsla á þriggja ára áætlun miðað við þær forsendur sem þá liggja fyrir og því geta fjárhæðir og framkvæmdahraði

vegna einstakra verkefna breyst frá því sem fram kemur í þriggja ára áætlun hverju sinni. Þriggja ára áætlun er gerð á föstu verðlagi hvað varðar tekjur og gjöld.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

### **Stefnumörkun**

Til grundvallar þeirri þriggja ára áætlun sem hér er lögð fram liggur fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 en jafnframt er byggt á þriggja ára áætlun 2020-2023. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í rekstri málaflokka.

Fjárfestingar eru áætlaðar fyrir um 600 millj.kr. samtals á tímabilinu 2021-2023 og eru fjölbreytt verkefni sem falla þar undir. Áhersla er áfram lögð á að byggja upp innviði samfélagsins og að grunnkerfi þau sem sveitarfélagið rekur, s.s. gatnakerfi og veitur geti annað því álagi sem á þeim er.

### **Helstu forsendur áætlunar 2021 – 2023**

Til að unnt sé að setja fram áætlunina hafa ákveðnar forsendur verið lagðar til grundvallar. Þriggja ára áætlun er byggð á áætlun ársins 2020 og er gerð á föstu verðlagi.

#### Skatttekjur

Áætlun skatttekna er byggð á áætlun ársins 2020.

#### Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Áætlun á framlögum Jöfnunarsjóðs er byggð á áætlun ársins 2020.

#### Fasteignaskattur

Gert er ráð fyrir óbreyttum tekjum af fasteignaskatti frá árinu 2020 árin 2021– 2023.

#### Þjónustutekjur

Ekki er gert ráð fyrir hækkun á gjaldskrárm vegna þjónustu sveitarfélagsins í áætluninni.

#### Laun

Áætlun launa og launatengdra gjalda er byggð á launaáætlun ársins 2020.

## Rekstrarkostnaður

Áætlun rekstrarkostnaðar er byggð á áætlun ársins 2020.

### **Helstu niðurstöður áætlunar 2020 - 2023**

Helstu kennitölur áætlunarinnar fyrir samstæðureikning (í þús. króna):

<b>Samstæða (A- og B-hluti)</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>
<b>Rekstrarreikningur</b>				
Tekjur	1.699.508	1.719.993	1.720.137	1.720.285
Gjöld	1.557.615	1.560.893	1.571.055	1.576.339
Niðurstaða án fjármagnsliða	141.893	159.010	149.082	105.348
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(43.989)	(49.894)	(47.031)	(44.484)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>93.597</b>	<b>104.900</b>	<b>97.744</b>	<b>95.155</b>

<b>Efnahagsreikningur</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>
<b>Eignir</b>				
Fastafjármunir	2.126.809	2.316.376	2.403.797	2.448.450
Veltufjármunir	292.867	293.756	318.183	333.616
<b>Eignir samtals</b>	<b>2.642.114</b>	<b>2.827.114</b>	<b>2.934.042</b>	<b>2.989.507</b>
<b>31. desember</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>

<b>Eigið fé og skuldir</b>				
Eigið fé	1.355.685	1.460.585	1.558.328	1.653.483
Langtímaskuldir	993.103	1.060.603	1.061.042	1.015.491
Skammtímaskuldir	293.326	305.926	314.671	320.532
Skuldir og skuldbindingar samtals	1.286.429	1.366.528	1.375.713	1.336.023
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>2.642.114</b>	<b>2.827.113</b>	<b>2.934.042</b>	<b>2.989.507</b>

Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingu í þúsundum króna, sem hér segir:

	2020	2021	2022	2023
Eignasjóður	103.050	149.500	76.000	40.000
Fráveita	4.000	40.000	40.000	40.000
Bláskógaveita	27.000	30.000	10.000	10.000
Vatnsveita	18.000	60.000	60.000	60.000
Fjarskiptafélag	140.000	0	0	0
Samtals fjárfesting nettó	292.050	279.500	186.000	150.000

### Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru reiknaðir miðað við þau vaxtakjör sem sveitarfélagið býr við.

### Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir fjárfestingum fyrir 279.500 millj.kr. árið 2021, 186 millj.kr. árið 2022 og 150 millj.kr. árið 2023.

### Lántökur

Ný langtímalán á árunum 2021-2023 eru áætluð 260 millj.kr. og niðurgreiðslur eldri lána eru áætlaðar á sama tímabili 298,9 millj.kr.

## **IV Lokaorð**

Í fjárfestingarhluta þriggja ára ætlunar er leitast við að forgangsraða verkefnum og dreifa þeim með það að markmiði að halda skuldsetningu sveitarfélagsins sem minnstri og þar með að lágmarka fjármagnskostnað. Sá hluti áætlunarinnar sem snýr að rekstri byggir á því að ekki verði miklar breytingar á rekstri málaflokka milli ára. Nánari útfærsla áætlunar fyrir hvert ár fyrir sig er unnin í fjárhagsáætlun hverju sinni. Forsendur á borð við verðlagsþróun, íbúafjölgun, þróun tekna og útgjalda geta því haft áhrif á áætlun hvers árs fyrir sig.

Tekjur sveitarfélagsins hafa vaxið heldur síðustu ár. Íbúum í Bláskógabyggð hefur fjölgað jafnt og þétt og fasteignum fjölgað. Nokkuð hefur borið á skorti á íbúðarhúsnæði, bæði fyrir fólk sem vill koma til starfa hjá sveitarfélaginu, og hjá öðrum aðilum, en um þessar mundir eru talsvert margar íbúðir í byggingu. Þá er ætlunin að hefja framkvæmdir við nýja götu, þannig að

nokkrar lóðir verði byggingarhæfar. Hönnun nýrrar götu á grundveli nýlegs deiliskipulags í Reykholti er að ljúka og að lokinni vinnu við deiliskipulag á Laugarvatni verður metið hvar best sé að byrja á gatnagerð skv. því deiliskipulagi. Sveitarfélagið mun því geta aukið framboð byggingarlóða á næstu misserum. Mikil uppbygging hefur verið í ferðapjónustu innan Bláskógabyggðar síðustu misseri, auk þess sem framkvæmdum við virkjun við Brú er við það að ljúka. Atvinnuleysi mælist lítið innan Bláskógabyggðar, 1,58%, en er að meðaltali 3,4% á landsbyggðinni. Rétt er þó að hafa í huga að hlutfall starfa innan ferðapjónustunnar og tengdra þjónustustarfa er hátt í sveitarfélaginu, og geta sveiflur í fjölda ferðamanna haft nokkur áhrif á þennan þátt, svo og á útsvarstekjur sveitarfélagsins.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 hefur verið unnin í góðri samvinnu sveitarstjórnarfulltrúa og stjórnenda. Ber að þakka það óeigingjarna starf sem hér hefur verið unnið.